

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. júní 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-68/2010.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 17. maí sl. bað A um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á skóm í verslun B. Álitsbeiðandi segir skóna vera gallaða og krefst þess að fá skónum skipt hjá seljanda fyrir leðurskó á sama verði eða kaupverðið endurgreitt.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi kæruneftndarinnar, dags. 18. maí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og bárust þau 28. maí. Með bréfi, dags. 1. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 8. júní. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. júní sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðnin er rituð á ensku. Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt sér leðurskó í verslun B í febrúar sl. fyrir kr. 17.500, en samkvæmt greiðslukvittun sem álitsbeiðninni fylgdi kostuðu skórnir kr. 16.990. Eftir mánaðarnotkun hafi sólararnir verið slitnir og gat komið á báða skóna. Í febrúar hefði hann kvartað við seljanda sem hafi sagt að notkunin á skónum hefði verið röng en þeir hefðu ekki verið reimaðir. Álitsbeiðandi kveðst telja að skór eigi að endast lengur en einn mánuð.

### **IV**

#### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

„Þessir skór voru teknir til athugunar og þegar það var rætt við kæranda þá kom í ljós að þetta var bara almennt slit, þar sem hann reimaði ekki skóna fasta á fæturna. Sem verður til þess að hann dregur hælana eftir götunni og hann er líka með sérhannað illegg sem verður einnig til þess að innvortis hælampur eyðist óeðlilega. (Þar sem innleggið er ekki hannað í tiltekna skó). Hann sagði mér líka að hann væri að nota þessa skó í póstburð sem er frekar mikið álag á svona venjulega götusko sem og ég sagði honum. Honum var boðinn 30% afsláttur af nýjum skóm í staðinn sem hann afþakkaði. Við tókum öll svona mál og skoðum af sanngirni og eru í flest öllum tilvikum í hag viðskiptavinarins. [...]“

### **V**

### **Athugun kæruneftndarinnar**

Skórnir sem álitshbeiddandi keypti eru af gerðinni C. Á hælunum er sólinn mikið slitinn og gat í gegn á vinstri skónum. Illeppar fylgdu ekki skónum þegar komið var með þá til skoðunar. Töluvert slit er á hælkömpunum innanverðum og er líklegt að það stafi af því að fæturnir hafa hreyfst óeðlilega mikið upp og niður í skónum. Að öðru leyti er ekki að sjá sérstakt eða óeðlilegt slit á skónum.

### **VI**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitshbeiddanda og verslunar B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr.48/2003 um neytendakaup.

Álitshbeiddandi kveðst hafa keypt skóna í febrúar sl. og eftir mánaðarnotkun hafi verið komið gat á þá. Álitshbeiddandi segist hafa kvartað við seljanda í febrúar vegna galla á skónum sem seljandi hafi hafnað. Ekki kemur fram hvort álitshbeiddandi hélt áfram að nota skóna engu að síður þar til kæruneftndinni barst kvörtun hans sem var 18. maí sl. eins og fyrr var sagt. Það verður hins vegar að telja ljóst að skórnir hafa verið mikið notaðir og eru slitnir. Engir illeppar voru í skónum en þeir hafa varla verið notaðir án þeirra. Kæruneftndinni þykir það benda til þess að álitshbeiddandi hafi tekið upprunalega illeppa úr skónum og sett aðra í staðinn sem kann að hafa haft áhrif á endingu skónna þótt ekkert verði um það fullyrt. Ekki verður betur séð en slit á skónum innanverðum beri þess merki að þeir hafi verið notaðir lausreimaðir sem efalaust hefur leitt til meira slits en annars hefði verið. Kæruneftndin treystir sér hins vegar ekki til að líta svo á að það slit sem er á skónum stafi af því að þeir hafi verið haldnir sérstökum galla, en vel kann að vera að verðið sem greitt var fyrir skóna hafi ekki verið í samræmi við gæðin þótt kæruneftndin taki ekki sérstaka afstöðu til þess. Niðurstaða kæruneftndarinnar er því sú að ekki hafi verið leitt í ljós að skórnir hafi verið haldnir sérstökum galla og því er ekki hægt að fallast á að álitshbeiddandi eigi rétt til úrbóta á hendur seljanda samkvæmt ákvæðum neytendakaupalaga.

### **VII**

#### **Álitshorð**

Kröfum álitshbeiddanda, A, er hafnað.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

